

SPÁDÓMARNIR UM ÍSLAND

Fornir spádómar Pýramídans mikla, Jesjabók Gamla testamentisins, kínverskar launsagnir og Nostradamus eiga það sameiginlegt að spá því að Íslendingar verði boðberar nýrrar og gjörbreyttrar heimsmyndar.

Skömmu fyrir upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar vöktu kenningar enska pýramídafræðingsins Adams Rutherford verulega athygli hér á landi. Dr. Adam Rutherford hafði stundað nákvæmar rannsóknir á Pýramídanum mikla við Giza í Egyptalandi. Líkt og flestir pýramídafræðingar þessa tíma hélt Rutherford því fram að Pýramíðinn mikli væri spádómsverk, greipt í stein. Hið forna arabíska Akbar-Ezzeman-handrit staðfestir þessa skoðun. Í handritinu segir: „Hann [þ.e. Pýramíðinn mikli] hefir í sér fölgna spekina og kunnáttuna í ýmislegum listum og vísindum, í talnafræði og landmælingafræði, svo að þær geti geymst sem skýrslur til gagnmuna fyrir þá er síðar meir geta skilið þær ... afstöðu stjarnanna og umferð þeirra, ásamt sögu og annálum frá liðnum tíma og þeim tímum er koma eiga.“ Rutherford taldi Pýramíðann mikla skýra frá rúmfræðilegri hnattstöðu Íslands og benda með táknum á ætlunarverk Íslands viðvíkjandi undirbúningi nýskipanar heimsins sem hann trýði að væri í vændum.

Árið 1937 gaf hann út í Bretlandi litla bók sem bar titilinn Hin mikla arfleifð Íslands. Í formála, sem hann reit fyrir kverinu, segir: „Ísland er eitt af merkilegustu löndum heimsins, og blöðin, sem hér fara á eftir, hafa að innihaldi sönnun þess, að þessari litlu þjóð, Íslendingum, sé ætlað að leysa af hendi undursamlegt og góftugt hlutverk við fyrirhugaða stórviðburði í náinni framtíð. Höfundurinn er sannfærður um, að þetta mikla ætlunarverk Íslendinga muni verða til blessunar, eigi aðeins fyrir Íslendinga sjálfa, heldur og fyrir frændþjóðir þeirra, Norðurlandabúa, Engilsaxa og Kelta. Ég vil óska þess, að bæklingur þessi megi verða að nokkru gagni í því að hjálpa til að búa Íslendinga undir það taka við hinni miklu arfleifð sinni.“

Mikilvægi hins útvalda Íslands

Í þessu smáriti er að finna tvo spádóma um Ísland og íslensku þjóðina. Fyrri spádómurinn segir frá því að árið 1941 muni Íslendingar öðlast fullkomið stjórnmálalegt frelsi. Samkvæmt sambandslögunum við Danmörku höfðu Íslendingar ekki laga-

legan rétt til þess fyrr en tveimur árum síðar og þótti því flestum ólíklegt að þessi spádómur rættist. Hernám Danmerkur í seinni heimsstyrjöldinni



Það skyldi þó ekki vera að friðarljósasúlan, sem hún Yoko Ono fær að koma fyrir í Víðey, sé einmitt á þeim stað á jörðinni sem spámenn fyrri alda hefðu einmitt mælt með?

varð hins vegar til að breyta þessu. Vorið 1941 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga sem gerði Ísland í raun að óháðu ríki. Sveinn Björnsson, síðar forseti, var kosinn ríkisstjóri og Bretar og Bandaríkjamenn viðurkenndu Ísland sem sjálfstætt ríki. Spádómurinn hafði komið fram.

Seinni spádómurinn á að gerast í ragnarökum núverandi menningar. Ísland verður eins

og ljósdepill í myrkvuðum heimi og þá „munu Íslendingar taka sér fyrir hendur viðfangsefni sem mikla blessun munu hafa í för með sér fyrir allt mannkynið“. Rutherford trúði því að á Íslandi kæmi fram andleg hreyfing er breiddist út meðal þjóða heims. Íslendingar mundu vísa mannkyninu inn í nýtt tímabil sögu þess. Um þetta göfuga hlutverk íslensku þjóðarinnar segir hann meðal annars: „Nú á dögum eiga sér stað miklar hreyfingar, en Ísland á bráðum, undir handleiðslu guðs, að hefja hina mestu andlegu hreyfingu vorrar aldar, þá hreyfingu, sem mun leiða allar þjóðir Bretlands og Norðurlanda inn í nýtt tímabil í sögu þeirra ... Það, sem því liggur nú rakleitt fram undan, er að Ísland nái skjótt andlegum yfirráðum, og áhrif þess munu, eins og stór viti, smám saman uppljóma hið mikla Bretaveldi og byrja á Skotlandi ... Látum oss því biðja þess, að guð hraði komu þess dags, er Ísland á að verða kallað Eyjan helga og Íslendingar Þjóðin helga. Látum alla, sem skilja, hve mikilvarðandi þessi dásamlega köllun er, gjöra allt, sem þeir geta, Íslandi til upphafningar. Því að hinar völdugu engilsaxnesku þjóðir geta ekki til fulls tekið við arfleifð sinni, né heldur getur heimurinn gengið inn í blessunaröldina, sem hann á í vændum, fyrr en Ísland er undirbúið og komið inn á sjónarsviðið í skærum ljóma sem fyrirrennari hinnar dýrlegu, nýju aldar.“

Endurkoma Jesú Krists á Íslandi

Dr. Adam Rutherford trúði því að Íslendingar en ekki gyðingar væru guðs útvalda þjóð. Í Matteusarguðspjalli segir Jesú Kristur við gyðinga: „Guðs ríki verður frá yður tekið og gefið þeirri þjóð, sem ber ávexti þess.“ Í samræmi við þessi orð var Rutherford sannfærður um að endurkoma Jesú Krists yrði á Íslandi. Þessu til staðfestingar visar hann til tveggja spádóma í Jesjabók Gamla testamentisins og á sérstakan leiðarvísi í suðausturhorni Pýramídans mikla sem bendir á Ísland. Þessi leiðarvísir var fyrst uppgötvaður árið 1925 en fram að þeim tíma var aðeins vitað um einn leiðarvísi, svonefndan Betlehemsgeisla, sem talið er að vísi á fæðingarstað Jesú Krists.

Um þessa leiðarvísa Pýramídans mikla farast



Spásagnir um Ísland koma frá ólíkum löndum og eru frá mismunandi tíma. Þær eiga það allar sameiginlegt að ætla Íslendingum mikilvægt forystuhlutverk í nánustu framtíð.


Rutherford svo orð: „Eins og vér höfum sýnt fram á, myndar Reykjavíkurgeislinn vesturjaðarinn á Íslandsrákinni, og er hann sérstaklega þýðingarmikill sökum hinna mikilvægu andlegu tákna, sem við hann eru tengd. Einmitt í Pýramídanum mikla sjálfum gengur Reykjavíkurgeislinn beinlínis undir sæti toppsteinsins - en toppsteinninn sjálfur er fullkominn pýramídi að lögun og táknar Krist upprisinn og er hátt upphafinn sem stór táknasamlegur „höfuðsteinn“. Alveg eins og Betlehemsgeislinn benti til þess, hvar Messías myndi koma í heiminn sem ungarn, í fyrri tilkomu sinni, eins er um Reykjavíkurgeislann, að með því að ganga undir hinn háreista toppstein, vísar hann oss á, hvar fyrst eigi upp að renna - undir forystu Krists hins upprisna - hin nýja guðsríkis öld, þar sem að lokum verður vilji guðs „svo á jörðu sem á himni“. Reykjavíkurgeislinn vísar oss á staðinn, þar sem enginn er herbúnaðurinn, þar sem sértrúarandinn er í raun og veru ekki til og þar sem kristilegt frelsi hefur yfirráðin. Reykjavík! Hversu háleitur heiður hlotnast þér! Reykjavík er þannig einstök borg - borg, sem kjörin er af guði í andlegum tilgangi.“

Ísland í spádómum Gamla testamentisins

Jesajabók er hin mesta meðal spámansrita Gamla testamentisins. Hún skiptist í þrjú hluta og er safn af ræðum spámansins Jesaja sem var uppi á 8. öld f.Kr. Í fyrsta hluta Jesajabókar eru spádómar sem fjalla um komandi „þrengingartíma“ eða „efsta dag“. Þar segir í 24. kapitula Jesaja:

„Jörðin viknar og kiknar, heimur bliknar og kiknar, tignarmenni lýðsins á jörðu blikna. Jörðin vanheligast undir fótum þeirra, er á henni búa, því að þeir hafa brotið lögin, brjáláð boðorðunum og rofið sáttmálann eilífa. Þess vegna eyðir bölvun jörðinni og íbúar hennar gjalda fyrir það. Þess vegna farast íbúar jarðarinnar af hita, svo að fátt manna er eftir orðið.“

Nákvæmlega í miðju þessara ógnarlýsinga Jesaja er skotið inn frásögn af því að á vissu svæði jarðarinnar muni fólk vegsama guð og syngja honum lof. Dr. Adam Rutherford túlkar spádómsorð Jesaja þannig að meðan á þrengingunum standi muni stórfelld andleg vakning eiga sér stað á Íslandi. Spádómurinn er samkvæmt þýðingu



Ýmsir pýramídafraeðingar eru þeirrar skoðunar að Pýramídan mikli sé spádómsverk, greipt í stein. Árið 1925 fann hópur vísindamanna sérstakan leiðarvísi í suðausturhorni pýramíðans sem talið er að vísi til Íslands.

ensku Biblíunnar svona: „Þeir hefja raust sína og fagna. Yfir hátign Drottins gjalla gleðihrópin í vestri. Vegsamið þess vegna Drottin meðal eldanna, nafn Drottins, Ísraels guðs, á eyjum



Að mati kinverskra spádóma er Ísland ákjósanlegur uppeldisstaður mikilmenna. Ísland á eftir að verða miðstöð völdugs andlegs vitsmunaríkis og til Íslands munu þjóðirnar leita um framfarir.

vestursins. Frá ysta jaðri jarðarinnar heyrum vér lofsöngva: Dýrð sé hinum réttláta.“

Þrjú atriði eru tilgreind um staðinn þar sem þakkargjörðin á að heyrast innan um þjáningar veraldarinnar. Staðurinn er eyland því að lofsöngvarir eru sagðir koma frá eyjunum í vestri („á ströndum hafsin“ samkvæmt íslensku Bibliunni). Einu stóru eyjarnar í vestri eru Bretlandseyjar og Ísland en það sem á eftir fer sýnir að mati Rutherford að það er einkanlega Ísland sem átt er við og að það verður fólkið á þeirri eyju sem stuðlar að andlegri vakningu í öðrum löndum.

Í spádómunum er þessum eyjarskeggjum lýst þannig að þeir búi meðal elda („á austurvegum“ samkvæmt íslensku þýðingunni). Í okkar heimi vitum við ekki af öðrum eldum en jarðeldum og af þessum eyjum er það Ísland eitt sem hefur gjóсандi eldfjöll. Auk þess eru á Íslandi fleiri eldfjöll miðað við stærð en í nokkru öðru landi. Hebreska orðið „urim“, sem er þýtt með eldar í ensku Bibliunni, merkir líka ljós. Hin einu náttúrulegu ljós á þessari jörð, sem stórfelld mega heita, eru heimskautsljósín (norðurljósín og suðurljósín) og eina eyþjóðin, sem dvelur nærri öðru hvoru

heimskautinu til þess að sjá þessi ljós greinilega hvarvetna á landinu, eru Íslendingar.

Spádómurinn staðgreinir þetta eyland þannig að það sé á ysta jaðri jarðarinnar eða, eins og fornþjóðirnar orðuðu það, *Ultima Thule*. Nafnið var um eitt skeið haft um ystu norðurvegum almennt en síðar var það bundið við Ísland. Ísland er vissulega ysti jaðar jarðarinnar því að handan við það er ekki annað en ísi þakið heimskautshaf. Eins og kunnugt er nemur norðurströnd Íslands við heimskautsbauginn.

Á öðrum stað spáir Jesaja um komu Messíasar. Í 9. kafli Jesaja segir hann: „Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós. Yfir þá sem búa í landi náttmyrkanna, skín ljós ... Því að, barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi.“ Jesaja spáir því að friðarhöfðinginn muni koma fram í „landi náttmyrkanna“. Adam Rutherford fullyrðir að Ísland sé án nokkurs vafa „land náttmyrkanna“ því hér á landi sé vetrarsólin hlutfallslega lægst á lofti miðað við önnur byggð ból jarðar.

Kinverskir spádómar um Íslendinga

Fleiri þjóðir eiga til spádóma sem vísa á Ísland. Samkvæmt kinverskum arfsögnum er Ísland „eitt hinna sjö dulrænu landa og það fjarlægasta“. Sömu heimildir greina frá því að Snæfellsjökull sé ein af sjö orkustöðvum jarðar. Bretinn Michael Eyre kynntist hugmyndum kinverskra dulhyggjumannanna varðandi sérstöðu Íslands. Í sendibréfi til Ásgeirs Sigurðssonar, aðalræðismanns Breta í Reykjavík, hinn 4. maí 1921, gerir hann grein fyrir þessum hugmyndum. Þar ritar hann meðal annars: „Ísland hefur algjöra sérstöðu í sögu mannkynsins. Þegar Norðmenn fundu það um 870 var það gjörsamlega óbyggt land. Það er ekkert til sem hægt er að kalla upprunalegan íslenskan kynstofn. Þess vegna varð taka Íslands alveg sérstæð meðal allra landa veraldar og alveg karmalaus.“

Michael Eyre vikur einnig að hugmyndinni um Ísland sem orkustöð jarðar. Hann segir: „Landið hefur þar að auki nokkur sérstæð einkenni. Það er eitt af hinum sjö chakra (orkustöðvum) hnattarins sem við byggjum. Það er að segja, það er hin eina starfandi lífstöð plánetuhringafallsins. Þegar við segjum chakra er átt við miðdepl lífsafallsins eða lífsafstöð. Af sjö slíkum stöðvum á hveli jarðar eru fimm óstarfandi, ein er hlutlaus, hinn neikvæði endurkastandi á suðurhveli jarðar; en hin sjöunda er Ísland sem er hin mikla sálræna miðstöð jarðarinnar. Miðdepillinn er Snæfellsjökull en frá honum ganga tvær hvirvingasúlur, önnur er segulmögnuð en hin rafmögnuð. Hin fyrri streymir frá vestri til austurs en hin síðari rangsælis.“

Í bréfinu skýrir hann jafnframt frá fornum kinverskum spádómum um framtíðarhlutverk Íslendinga. Þar segir: „Öll eyjan er mjög næm fyrir sálrænum öflum og því er Ísland hinn ákjósanlegasti uppeldisstaður mikilmenna. Ísland á eftir að verða miðstöð völdugs andlegs vitsmunaríkis og til Íslands munu þjóðirnar leita um framfarir.“

Leiðtogafrá Íslandi í spádómum Nostradamusar

Franski lækurinn og sjáandinn Michael Nostradamus er þekktasti spámaður heims. Hann gaf út fyrstu spádómsbók sína árið 1555. Skömmu eftir útkomu hennar fóru ýmsir spádómar hans að rætast og um þessar mundir er talið að riflega helmingur þeirra hafi komið fram. Spádómarnir voru settir fram í forni ferskeytla sem eru ýmist torráðnar eða skýrar að efni.


Bandaríkjamaðurinn Stewart Robb hefur rannsakað hinar aldagömlu spádóma Nostradamusar í meira en tvo áratugi. Hann segir um framtíðarskyggni spámansins: „Þegar þess er gætt, að Nostradamus var franskur og að framtíð Frakklands og konunga landsins skipti hann meginmáli er ekki hægt að segja annað en að spádómar hans hafi verið dularfullir og hann reynst furðu sannspár. Hann ræðir í þeim um Bandaríkin, þegar það land var svo að segja auðnir einar. Hann talar um enska heimsveldið á tímum, þegar Engendingar voru bara ein hinna venjulega þjóða. Hann var afar nákvæmur í orðavali. Til dæmis sagði hann: „Fólk mun ferðast af öryggi á landi, legi og lofti. Skipin kljúfa öldumar og kaþbátar sjóinn.“



Nostradamus spáði því að Ísland mundi gegna þýðing-armiklu hlutverki í sögu mankyns



Skýringamynd úr riti Adams Rutherford, Hin mikla arfleifð Íslands, sem út kom á íslensku árið 1939. Myndin sýnir á hvern hátt Pýramíðinn mikli vísar á Ísland annars vegar og Betlehem hins vegar.



Skýringarmynd úr riti á hindí sem fjallar um framtíðarhlutverk Íslendinga samkvæmt spádómum Pýramíðans mikla í Egyptalandi

Nostradamus nefnir þó fleiri lönd til sögunnar en Bandaríkin og England. Á ýmsum stöðum í spádómsritum hans má finna ferskeytlur sem vísa til Íslands og að héðan komi merkur leiðtogi sem eigi eftir að hafa afgerandi áhrif á framvindu heims mála. Í einum spádómnum kemur fram að niðurlæging íslenska lýðveldisins skapi valdamikinn forystumann. Engu líkara en að íslenskt ríkisvald verði misnotað til að hindra framför þeirrar hreyfingar sem spádómarnir fjalla um:

Þau verða dæmd til að gjalda fyrir glæp sem þau hafa ekki drýgt. Með yfirborðsmennsku verður hinu mæta lýðveldi gert rangt til. II:53

Í X:36 segir t.d.:

Þegar æðsti valdamaður Bandaríkjanna hvetur til stríðs, mun Eyja stöðugleikans fyrirliða hann. Eftir ár velfarnaðar verður kvíðvænlegt ástand þegar eignarnám og einræði breytir bússæld eyjarinnar.



Hvort sem menn leggja trúnað á forna spádóma eða ekki hlýtur það að teljast athyglisvert að Ísland og íslenska þjóðin skuli finnast í svo mörgum spádómum frá svo ólíkum löndum sem raun ber vitni.

Í þessari spásögn notar Nostradamus orðið sud sem er eins og orðin mabus og Alus táknorð fyrir Bandaríki Norður Ameríku (United States of America). Ísland er að Bretlandi undanteknu stærsta eyja Evrópu. Miðað við eylönd og þjóðir heims almennt hefur jöfnuður og stöðugleiki einkennt sögu landsins. Til þess að undirstrika sérstöðu þessa afskekktu eylands notar Nostradamus upphafsstaf í orðinu eyja. Hann spáir því að eftir að íslenska þjóðin hefur hafnað þátttöku í stríði Bandaríkjamanna verði kaflaskipti í sögu þjóðar sem hingað til hefur ekki þurft að óttast ofríki innlands ríkisvalds. Þrátt fyrir viðnám víkjandi valdastéttar mun hin nýja heimssýn bera sigur úr býtum. Nostradamus segir:

Hinn guðdómlegi boðskapur kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti fyrir þá sem komast ekki lengur neitt áfram. Leynardómur hvílir innra með þeim, er verða fyrir vitrun. Þau stefna fram á við og verða óstöðvandi. II:27

Ísland kemur fyrir í fjölmörgum öðrum spádómum Nostradamusar. Hann spáir því að Ísland „eyjan í norðri“ gegni þýðingarmiklu hlutverki því að héðan komi einstaklingur sem verði boðberi nýrrar og gjörbreyttrar heimsmyndar. Hann nefnir leiðtogann íslenska „Herakles Selin“, þ.e. ofurmennið frá Íslandi. Hér verða tekin nokkur dæmi um spádóma Nostradamusar sem skýra frá þessum merka leiðtoga. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að taka fram að fimmtudagur (Þórsdagur) var upphaflegur helgidagur íslensku þjóðarinnar og hins íslenska stjórnskipulags áður en rómversk-kaþólsk kirkja og síðar hin lúterska tók öll völd frá forfeðrum okkar.

Þar sem þrjú höf liggja að landi fæðist sá sem gerir fimmtudag að hátíðisdegi. Frægð hans, völd og vegsauki mun vaxa þegar Asía ríðlast vegna styrjaldar á sjó og landi. 1:50

Til nánari skýringar: Ísland er úthafseyja og að því liggja þrjú höf. Atlantshaf að sunnan, Grænlandshaf að vestan og Íslandshaf að norðan og austan.

Jörðin og vötnin frjósja og kaldir vindar blása þar sem þau koma saman til þess að vegsama fimmtudag. Aldrei hefur verið til neitt jafn réttlátt. Úr fjórum áttum koma þau til að votta honum virðingu sína. X:71

Nostradamus tengir komu leiðtogans frá Íslandi („frá landi á hjara veraldar“) við breytta viðskiptahætti og vaxandi tortryggni í garð stjórnvalda. Hann segir:

Eftir það kemur frá landi á hjara veraldar germanskur leiðtogi til æðstu valda. [Það verður þegar] einokuninni er mætt með róttækum breytingum. Lýðveldið verður við lýði [en] vekur ekki lengi addáun. II:87

Í þessum spádómi segir Nostradamus orðrétt: „einokuninni (ánaúðinni) er mætt með vatni.“ Í alkeimíu miðalda merkti vatn róttækar breytingar, umrót tilfinninganna eða eitthvað sem hefur afgerandi áhrif á lífskjör manna. Vatn, flóð, rigning og svo framvegis eru því tákn fyrir hugarfarslega eða stjórnmálalega byltingu í spádómum Nostradamusar.

Hvort sem menn leggja trúnað á forna spádóma eða ekki hlýtur það að teljast athyglisvert að Ísland og íslenska þjóðin skuli finnast í svo mörgum spádómum sem raun ber vitni. Ekki síst þegar tekið er tillit til þess að þessar spásagnir koma frá ólíkum löndum og eru frá mismunandi tíma. Þær eiga það allar sameiginlegt að ætla Íslendingum mikilvægt forystuhlutverk í nánustu framtíð. Hvort það verður vegna trúarlegra, stjórnmálalegra eða efnahagslegra áhrifa - eða alls í senn - mun tíminn leiða í ljós.